



253. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 27. apríl 2017 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Gunnar Bragason gjaldkeri, Sigríður Jónsdóttir ritari, Örn Andrésson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Hafsteinn Pálsson, Gunnlaugur Júlíusson, Ingi Þór Ágústsson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Lilja Sigurðardóttir 2. varamaður, Jón Finnbogason 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll boðaði: Garðar Svansson og Þórey Edda Elísdóttir 1. varamaður

Dagskrá:

1. Ólympísk málefni

Örn Andrésson formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir stöðu undirbúnings fyrir þau ólympísku verkefni sem framundan eru.

2. Fagsvið ÍSÍ

Sigríður Jónsdóttir, formaður Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ fór yfir það helsta úr starfi sviðsins. Hún skýrði frá dagskrá morgunverðarfundar sem haldinn verður á Grand Hótel Reykjavík 3. maí nk. Fundurinn er á vegum Náum áttum hópsins og verður helgaður íþróttum að þessu sinni. Yfirskriftin er: „Hvernig líður börnum í íþróttum?“.

Hafsteinn Pálsson, formaður Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ, minnti á setningu Hjólað í vinnuna sem fram fer í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal 3. maí nk. Átakið stendur til 23. maí nk. Hafsteinn minnti einnig á Sjóvá-Kvennahlaup ÍSÍ sem haldið verður um land allt 18. júní nk. Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir lýsti yfir óánægju sinni með að ekki var haft samráð við Kvennahlaupsnefnd ÍSÍ þegar gefin var heimild fyrir tímatöku í 10 km hlaupinu í Garðabæ.

3. Íþróttaping ÍSÍ 2017

Forseti skýrði frá tilhögun varðandi framboð til stjórnarkjörs ÍSÍ. Að þessu sinni verður kosið eftir nýju fyrirkomulagi þar sem sjö stjórnarmenn verða kosnir til tveggja ára og sjö til fjögurra ára. Fjórtán framboð bærust og verður því sjálfkjörið í stjórnina. Forsetinn er einn í framboði og verður því einnig sjálfkjörinn.

Tillögur stjórnar og sambandsaðila eru alls 25 talsins. Sigurjón Pétursson verður 1. þingforseti og Ólafía Rafnsdóttir 2. þingforseti. Ársskýrslan er í prentun.

4. Reglugerð Afrekssjóðs ÍSÍ

Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ kynnti drög að endurskoðaðri Reglugerð ÍSÍ um Afreksjóð ÍSÍ með tilliti til breyttrar Afreksstefnu ÍSÍ sem lögð verður fram á Íþróttapingi. Hann fór yfir undirbúningsvinnuna og feril málsins.

Nokkrar umræður urðu um drögin og feril málsins. Fundarmenn voru sammála því að sú stefna sem tekin var með stofnun vinnuhópsins og fundum með sambandsaðilum í

kjölfarið hafi borið góðan árangur. Gott tækifæri hefur gefist fyrir sambandsaðila að koma sínum skoðunum og ábendingum á framfæri.

Drögin að reglugerðinni samþykkt með þremur breytingum. Drögin verða send til sambandsaðila til kynningar fyrir þing.

5. Reglur ÍSÍ um varnir gegn hagræðingu úrslita í íþróttum

Ákveðið að fresta þessum dagskrárlið.

6. Félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ

Örn Andrésón fór yfir stöðu mála. Unnið er að úrbótum á þeim hnökrum sem upp hafa komið undanfarnar vikur og þá sérstaklega í tengslum við starfsskýrsluskil.

7. Heiðranir

Samkvæmt fyrri samþykkt framkvæmdastjórnar verður fyrrverandi forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson sæmdur Heiðurskrossi ÍSÍ við setningu Íþróttapings. Við sama tækifæri verða þrír nýir Heiðursfélagar ÍSÍ kosnir, þau Helga H. Magnúsdóttir, Jón G. Zoëga og Júlíus Hafstein.

Eins og áður var samþykkt í stjórn þá verður Jón Kaldal hlaupari útnefndur í Heiðurshöll ÍSÍ seinni þingdag Íþróttapings. Þá verða einnig þrír einstaklingar sæmdir Heiðurskrossi ÍSÍ, þeir Árni Þór Árnason, Guðmundur Harðarson og Steinar J. Lúðvíksson.

8. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 252. fundur framkvæmdastjórnar
- 8. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Verkefnasjóðs ÍSÍ frá 27. apríl 2017

Tillögur sjóðsstjórnar Verkefnasjóðs ÍSÍ samþykktar.

9. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

10. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Boðað verður til fyrsta fundar nýrrar stjórnar fljótlega eftir þing.

11. Önnur mál

Þriggja mánaða uppgjör

Gjaldkeri fór yfir stöðu reksturs ÍSÍ fyrstu þrjá mánuði ársins.

Milliþinganefnd um samskiptamál

Nefndin hefur lokið störfum og mun formaður nefndarinnar kynna niðurstöður og tillögur á Íþróttapingi.

Orðsending frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu

Lagður fram tölvupóstur frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu um að ÍSÍ beini tilmælum til sambandsaðila að stýra umferð í aðdraganda íþróttakappleikja. Skrifstofu ÍSÍ falið að koma orðsendingunni á framfæri.

Aðalfundur Íslenskrar getspár

Forseti greindi frá aðalfundi Getspár sem haldinn var í gær, 26. apríl.

Fulltrúar í stjórn Getspár eru eftirfarandi:

Aðalmenn: Lárus L. Blöndal og Gunnar Bragason.

Varamenn: Örn Andrésson og Líney Rut Halldórsdóttir.

Fulltrúar ÍSí á aðalfundinum voru: Lárus L. Blöndal, Gunnar Bragason, Sigríður Jónsdóttir og Líney Rut Halldórsdóttir.

Þakkir

Fráfarandi stjórnarmenn, þau Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir og Gunnlaugur Júlíusson tóku til máls og þökkuðu fyrir gott samstarf á liðnum árum. Forseti þakkaði þeim sömuleiðis fyrir góð og mikil störf í stjórn ÍSí og óskaði þeim velfarnaðar í leik og starfi.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari